

Ár 2011, sunnudaginn 29. maí, er dómþing í dómstóli ÍSÍ sett og háð af Guðmundi Jónssyni að Grófarsmára 32, Kópavogi

Fyrir er tekið:

Mál nr. 3/2011

Keiludeild ÍR

gegn

Keilusambandi Íslands

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ hinn 19. þ.m. Kærandi er Keiludeild ÍR kt. 591094-2039, Skógarseli 12, 109 Reykjavík. Kærði er Keilusamband Íslands (KLÍ) kt. 460792-2159, Engjateigi 6, 104 Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstóli ÍSÍ hinn 20. þ.m.

II

Dómkröfur kæranda:

„Keiludeild ÍR hefur ákveðið að kæra Keilusamband Íslands (KLÍ) fyrir ósanngjarna málsmeðferð vegna kæru sem lögð var fram vegna notkun á ólöglegum boltum í úrslitakeppni Íslandsmóts liða. Krafa okkar er að tilkynning verið gefin út um að kúlurnar mældust ólöglegar ásamt því að KFR - Læringar verði sviptir Íslandsmeistaratitlinum. Einnig að Guðmundur Sigurðsson víki úr Stjórn KLÍ á þeim forsendum að hafa ekkert aðhafst í þessu máli þrátt fyrir að leitað hafi verið til hans.“

Síðan gerir kærandinn grein fyrir málavöxtum, lagarökum og röksemdum og leggur fram ýmis gögn er varða keppnisreglur keiluíþróttarinnar.

III

Ekki þykir ástæða til að gefa kærða kost á að gera athugasemdir við málatilbúnað kæranda í ljósi eftirfarandi.

IV

Samkvæmt grein 24.1. í lögum ÍSÍ er kærufrestur til dómstólsins ein vika. Fyrirliggjandi gögn sýna að Íslandsmót það sem atvik málsins taka til var haldið dagana 2. til 5. maí sl. og hið kærða atvik átti sér stað í þriðju viðureign sem fram fór hinn 5. maí sl. Svo sem að framan greinir barst kæra ÍSÍ hinn 19. þ.m. eða eftir að kærufrestur var liðinn og því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi.


V

Niðurstaða:

Kröfum í máli þessu er vísað frá dómi þar sem kærufrestur var liðinn við móttöku kærunnar.

Dómsorð

Máli þessu er vísað frá dómi.



Guðmundur Jónsson

Samkvæmt grein 24.3 í lögum ÍSÍ hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn sé máli vísað frá dómi. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.